

## Um alþjóðlega karlgeldingardaginn – og fleira smálegt í þeim dúr úr fræðakistu kvenfrelsaranna (úr öllum flóðbylgjunum fjórum)

„Sett er fram tillaga um frumkvæði til fólksfækkunar á heimsvísu. Hún mun á nokkrum áratugum leiða til þess, að karlmenn verði um það bil eitt til tíu af hundraði [mannkyns], í þeim tilgangi að stuðla að friði og grósku í veröldinni.“ Haldið verður upp á alþjóðlegan geldingardag. (Krista Leighanne)

„Karlinn er þrunginn tortímingu; harðneskjulegur [og] sjálfselskur. Hann unnir stríði, ofbeldi [og] sigurvinningi, miklast af sjálfum sér og leggur að fótum sér. Eins og í hinum veraldlega heimi sáir hann í siðferðið ósætti, glundroða, sjúkdómum og dauða.“ ... „Yfirburðir kynferðis okkar sem kvenna eru óendanlegir.“ (Elizabeth Cady Stanton (1815-1902))

„Þarfnast konur land og hers ..; eða kvenfrelsunarútlagastjórn ... ? Eð is málið einfaldara í sniðum? Rúmið á konan, hífýlin á konan; allt land heyrir konum til. Sýni náinn karlmaður ýgi verður hann fjarlægður úr því rými, sem hún hefur óbyggjandi og heilagt kall til. Hann verður handtekinn, honum verður meinuð náðun og sóttur til saka. ...

„Mig dreymir um að sjá karl svo lúbarinn, að hann liggi í blóðbaði með skóhæl á kafi í munni sér sem væri epli í gini svíns.“ (Andrea Dworkin (1946-2005)) Mælir með að konur útrými körlum, sem standa í vegi fyrir þeim.

Aurelia Vera er kennari á Kanaríeyjum. Boðskapur hennar í kynfræðslutíma með unglingsnemendum var á þessa leið. Hún beindi orðum sínum til karlkynsnemenda: Væri þú tilkippilegur til geldingar í því skyni, að tryggja konum völd? Hún svarar piltinum sjálf neitandi og segir því næst: „Við þurfum að láta okkur lynda (dabble) úrval [drengra] til geldingar. Ef þú vanaðir son þinn, væri hann ekki fær um að eignast börn. [Aukin heldur] væri honum hlíft við fjölda kynvakastýrðra breytinga, sem hafa í för með sér [aukna] líkamsburði. Þrótturinn kemur úr kynkirtlunum. Svo verða raddir þeirra áfram barnslegar.“

Úr skotæfingabúðum kvenna. Herhvötin hljómar: „Dauðir karla ljúga ekki. ... Dauðir karlar nauðga ekki. ... Leiðin til hjarta karlsins liggur í gegnum brjósthol hans. ... Skotfæri eru af skorum skammti. Það eru ekki karlar.“

„Annað hvort verða karlar að þróast eða verða útdauðir ella. Konur munu einfaldlega stofna fjölkskyldur á eiginkarla eða karlelskuhuga einfaldlega vegna þess, að þær eru þegar færar um að sjá um sig sjálfar. Sæðisbankar eiga nóg sæði, svo sérhver kona í veröldinni gæti eignast tvö börn næst öldina. Karlar eru úreltir.“ (Á Íslandi hafa tæplega tvö hundruð konur farið þessa leið árið 2020.) (Viðbrögð á Twitter við grein um karlaskort.)

„Líklega er öryggisfangelsi einasti staðurinn, þar sem karlar geta talið sig örugga, nema yfir þeim vofi sú hætta að verða leystir úr haldi.“ (Germaine Greer, f. 1939)

„Foreldrar í Bandaríkjunum Norður-Ameríku velja nú stúlkur fram yfir drengi í aukandi mæli. Oft og tíðum sjá þeir stúlku fyrir hugskotssjónum, þegar þeir stoltir leiða hugann að [þeirri lífsreynslu] að fylgjast með barni vaxa og dafna og verða að velheppnuðum fullorðnum.“ (Hanna Rosin)

„Karlmaðurinn á gersamlega engan tilverurétt [out of phase with] í náttúrunni. Konan er náttúran. Karlinn er innrásarmaðurinn. Tilverurétt á [einungis] sá karlmaður, sem endurstillir

bylgjulengdina eða afmáir karlmennsku sína, [aðrir ættu að] eyða sjálfum sér [...]. (Jill Johnston (1929-2010))

„Líta ber á hatur kvenna á körlum sem kvenfrelsunarviðbragð. Við ættum að vera hreyknar af því.“ (Julie Bindel, f. 1962)

„Réttur kvenna til lífs er rétti karla æðri. ... Þess vegna er útrýming karla góður og réttlætanlegur gjörningur, sem kemur konum vel og líta má á sem líknardráp.“ (Valerie Solanas (1936-1988))

„Hatur mitt til karla er engin hugarfluga (meme). Það er ekki söguburður á veraldarvefnum. [Karlhatur mitt] er trúfesta, ær mínar og kýr.“ (Kristina Agbebiyi) Kristina er félagsráðgjafi, sem vann til verðlauna við norður-amerískan háskóla. Verðlaunin eru veitt með hliðsjón af eftirtöldum atriðum: Verðlaunahafi skal hafa sýnt leiðtogahæfileika; lagt jákvætt af mörkum til félagsþjónustu; sýnt hollustu í stjórn mála- og félagsstarfi; sýnt framúrskarandi námsárangur; sýnt og sannað sig á grundvelli siðalaga samtakanna um atvinnumennsku. Hún lýsir sér svo: „Ég er hugfangin af eigin sjálfsást. Og ég er sallaánægð með þann ásetning að biðjast ekki velvirðingar á henni. Það fellur mér vel í geð, að fólk, sem mér er annt um, finni til hamingju, þegar það verður vitni að sjálfsást minni. Ég nýt blessunar.“ ... „Vinum mínum finnst ég vera stórkostleg. Og það finnst mér líka. Það eru þeir einnig. Það er svo yndislegt.“

„Afeitrun jarðarinnar verður að eiga sér stað, eigi líf að þrífast til framtíðar. Ég hygg, að hún verði samhliða þróun, sem hafi í för með sér verulega fækkun karlmannna.“ (Mary Daly (1928-2010))

„Ég bið fólk að hugleiða ... sviðsmynd, þar sem við [konur] myrðum ákveðinn fjölda karlmannna í viku hverri. Hversu mörgum þyrftum við að koma fyrir, þar til feðraveldið sest niður handan borðsins og segir: „Gott og vel, látum gott heita. Hvað er í okkar valdi til að stansa aflífunina?“ ... „Hversu marga karla þurfum við að drepa svo þeir hætti að nauðga okkur“ (Mona Eltahawy, f. 1967)

„Hlutfall karla verður að sker niður í og haldið í u.þ.b. tíunda hluta mannkyns.“ (Sally Miller Gearhart, f. 1931)

„Það er engin þörf fyrir herkvaðningu. Við þurfum geldingar happdrætti fyrir hvíta karla. Mánaðarleg drögum við út afmælisdag, sundurgreinum þá óþörfu og bregðum skærunum á nokkra poka [punga], helst við fjölmenna, opinbera samkomu.“ (Sarah Jeong, f. 1988, í ritstjórn Nýju Jórvíkur Tímans (New York Times))

„Vald mitt til að meiða karlmenn eykst með aukinni frægð og valdeflingu.“ (Sharon Stone, f. 1958)

„Mér svellur móður við þá tilhugsun, að geta ákært sérhvern þann karlmann, sem ég hata eða er í nöp við, fyrir að hafa þuklað á mér fyrir þrjátíu og fimm árum síðan, og rústað lífi hans, án sannanna. Ég þakka þér, kvenfrelsun! ... Ef þú hefur syni þína á brjósti eru [í raun] að þjálf þá sem nauðgara, þegar þeir komast til vits og ára. Þú ert í raun réttari að kenna þeim, að þeir geti þuklað á konu, þegar þeim sýnist. Sértu andsnúin nauðgunum, skaltu hætta að gefa drengjum brjóst.“ (Shaykha Alia)

Suzanna Danuta Walters, prófessor í félagsfræði og framkvæmdastýra og við Kven- og kynfræðadeild deild „Northeastern University“ í Bandaríkjunum Norður-Ameríku: „[S]tandi hugur ykkar til þess að losna undan hatri okkar [kvenna] sökum misgjörða ykkar um aldir – sem þið hafið [einnig] notið góðs af – notið eftirfarandi affararsælast: Hokið herðum, svo við mætum rétta úr kútnum, án þess að vera barðar niður. Heitið því að kjósa einvörðungu konur. Þjóðið ykkur ekki fram til embætta. Hafið ekki umsjón með nokkrum hlutum. Leggið frá ykkur valdasprotann. ... Og hafið það hugfast, að við munum ekki lengur þerra krókóðílatár ykkar. Hatur okkar er réttlátt. Þið hafið gerð á hlut okkar.“